**Sþ. 261. Breytingartillaga [28. mál]**

við till. til þál. um hagfræðilegar leiðbeiningar fyrir bændur.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Aftan til tillgr. bætist:

Einkum ber að láta athuga, hvort Búreikningaskrifstofa ríkisins er ekki réttur aðili í þessu efni og á hvern hátt hún verði efld nægilega til þess að geta betur en nú gegnt því hlutverki að hafa forustu um hagfræðilega fræðslu- og leiðbeiningastarfsemi fyrir bændur, jafnframt því að safna gögnum og gera útreikninga um búrekstur, sem orðið gætu undirstaða að réttlátri verðlagningu á afurðum bænda.